

til laga um hvalveiðar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Allir skiðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni, árið um kring, nema í isvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvilíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje sildveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþykktum hrefnueiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi og noti íslensk skip eingöngu til veiðanna.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hver hvalveiðastöð greiði 3000 króna árgjald í ríkissjóð, og auk þess 1000 krónur fyrir hvert hvalveiðaskip.

Ennfremur skal sjerleyfishafi greiða öll opinber gjöld og tolla samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Það skal og sett að skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innýfla í markaðshæfa vöru.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og afli og veiðarfæri upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi eðlast gildi 1. janúar 1929. Jafnframt eru úr gildi numín lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.